

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 7.5.2024

Vallarhúsi

kl. 17:00

Mætt: Lilja Friðriksdóttir, Jóna Björg Pálmadóttir, Erla Bjarnadóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson (fjarfundi) og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Erindi frá Völsungi vegna afnota á íþróttahöllinni um mærudaga

Völsungur sendi erindi á Norðurþing sem samþykkt var af aðalstjórn á milli funda. Í erindi er óskað eftir því við Norðurþing að fá íþróttahöllina endurgjaldslaust föstudag um mærudaga til að halda Völsungsball. Allur ágóði af ballinu mun renna til deilda félagsins sem taka þátt í skipulagningu í kringum ballið.

Bókun Norðurþings er eftirfarandi:

3. Ósk um afnot af íþróttahöllinni á Húsavík

Málsnúmer 202404121

Vakta málsnúmer

Völsungur óskar eftir að fá afnot af íþróttahöllinni á Húsavík endurgjaldslaust fyrir dansleik sem haldinn verður föstudaginn 26. júlí. Um er að ræða Mærudagsball sem er hugsað sem fjáröflun fyrir félagið en allur ágóði af ballinu mun renna til deilda félagsins.

Fjölskylduráð samþykkir að Völsungur fái afnot af íþróttahöllinni vegna dansleikjar. Ráðið minnir á reglur um útleigu íþróttahúsa og félagsheimila í eigu Norðurþings.

Samþykkt af hálfu aðalstjórnar.

2. Aðalstjórn fór á fund Fjölskylduráðs 23.4.2024

Völsungur óskaði eftir fundi með Fjölskylduráði til að ræða málefni félagsins. Fyrir hönd Völsungs mættu Jónas Halldór framkvæmdastjóri, Lilja Friðriksdóttir og Bergur Jónmundsson. Eftirfarandi þættir voru til umræðu á fundinum:

- Breyttar forsendur á rekstri félagsins vegna tekjumissis í kringum nýja lottóreglugerð og rekstur á tjaldvæðinu
- Nýframkvæmdir og viðhald á íþróttamannvirkjum
- Afreks- og viðurkenningarsjóður
- Íþróttafólk Norðurþings
- Stefna í íþrótt- og æskulýðsmálum
- Kynning um almennar umræður um Völsung

Eftirfarandi er bókun fjölskylduráðs frá fundinum:

1. Mállefni íþróttafélagsins Völsungs

Málsnúmer 202404076

Vakta málsnúmer

Á fund fjölskylduráðs mæta fulltrúar frá aðalstjórn Völsungs til að fara yfir þætti er varða rekstur íþróttafélagsins.

Fjölskylduráð þakkar Jónasi Halldóri, Lilju og Bergi fulltrúum Völsungs fyrir komuna á fundinn.

Farið var yfir umræðum af fundinum.

3. Tölur úr starfsskýrslu Völsungs fyrir árið 2024

Framkvæmdastjóri fór yfir iðkenda-, þjálfara-, og starfsmannatölur fyrir árið 2023.

Lagt fram til kynningar.

4. Aðalfundur Völsungs

Senn líður að aðalfundi félagsins en stefnt er á að halda fundinn í maí mánuði.

Skipulagning á aðalfundi heldur áfram á næsta stjórnarfund.

5. Fundargerð sögunefndar frá 7.5.2024

Fyrir aðalstjórn liggur fundargerð frá sögunefnd til kynningar. Fundargerðin er í tveimur liðum.

Fundargerðin lögð fram.

Fundi slitið: 18:40